



Ávinningur leggur áherslu á að "finna ekki upp hjólið", heldur byggjum við á lausnum sem þegar eru til staðar. Okkar markmið er að bjóða heildarlausn af upplýsingakerfum sem hafa þegar verið þróaðar, standast kröfur um eiginleika og sveigjanleika og hægt er að aðlaga fyrir bókhaldskerfin okkar. Þetta gerir okkur kleift að nýta þekkingu sem þegar er til staðar, bæði innanlands og erlendis og bjóða lausnir á hagstæðara verði en ella. Ólíkt bókhaldi, er grundvöllur launaútreikninga mismunandi eftir löndum og síbreytilegur. Við vorum svo heppin að finna íslenska lausn sem uppfyllir okkar kröfur um notendavænt viðmót og fjölhæfa eiginleika.

Notendavænt viðmót

Á sama hátt og önnur kerfi frá okkur, er Álaun með notendavænt viðmót og fljótlegt að læra á og tileinka sér kerfið. Að okkar mati er það grundvöllurinn að því að innleiðing gangi vel og greiðlega fyrir sig.

Áralöng reynsla

Álaun byggir á kerfi sem hefur verið í notkun frá því 1994 með góðum árangri.

Helstu eiginleikar Álauna eru:

- **Engin takmörk**

Það eru í raun engin takmörk á stærð þeirra félaga sem kerfið getur þjónað eða fyrir hvaða atvinnugrein. Notandinn getur byrjað smátt (allt frá 5 launþegum) og stækkað kerfið eftir þörfum.

- **Uppsetning**

Álaun er uppsett í hýsingu sem notandinn og bókarinn/endurskoðandinn geta fengið aðgang að. Þannig er komið í veg fyrir tæknileg vandamál og öryggisafrit ávallt til staðar. Þessi aðferð hefur ekki áhrif á samþættingu við bókhaldskerfin. Hýsing og afritun eru innifalin í mánaðargjaldinu.

- **Launaseðlar**

Hægt er að setja upp og aðlaga launaseðla að þörfum notenda. Til enn frekari þæginda er boðið uppá að prenta út launaseðla og senda þá með tölvupósti.

- **Launatengd gjöld**

Álaun reiknar út öll launatengd gjöld og framlög í séreignasjóði. Auðvelt er að breyta stillingum í kerfinu, en það er mikilvægt vegna hinnar miklu flóru reikniaðferða sem notaðir eru af mismunandi sjóðum.

- Skýrslur

Álaun skilar öllum helstu skýrslum sem launagreiðandinn þarf að nota við launaskil. Skoða má allar skýrslur á skjá áður en þær eru sendar til prentara og ávallt hægt að sækja þær og prenta ef á þarf að halda.

- Tenging við bókhald

Álaun skilar skrá og fylgiskjali fyrir fjárhagsbókhald sem auðvelt er að lesa inn beint í Sage Pastel Xpress og Partner. Þannig sparast mikill tími við bókun og öryggi upplýsinga í hámarki.

Yfirlitsmynd

Starfsmenn, taxtar og aðrar tengdar skrár blasa við í aðgengilegum listum

Nota má draga og sleppa (drag & drop) til að velja launþega sem eiga að fá laun.

Aukataxtar fyrir sérstaka tekju og frádráttarliði.

Yfirlit yfir launagreiðslur gefur góða yfirsýn.

Skoða má einn eða fleiri starfsmenn í einu yfir valin tímabil.

Skoða má einn eða fleiri mánuði/ár í einu. Einnig má nota vikur.

Smell á yfirsögn til að breyta röðun.

Launaseðill á skjá sýnir allar viðeigandi upplýsingar.

Skýringartextum við launaliði má bæta við eða breyta eftir þörfum.

Fyrirframgreiðslur og vöruúttektir má skrá strax og launakerfið sér um að næsta launagreiðsla á viðkomandi dragi frá útborgun og sundurliði á launaseðli.

Engin takmörk eru fyrir fjölda launaliða eða frádráttarliða.

Gluggum má raða upp að vild, stækka, minnka og vista stöðu þeirra.

Eðal-Laun 7.3.6.2 (E:\OMNISVIKONVEDALLAUNIII\DEMOGOGN2001.DF1)

Starfsmenn

Nafn	Kennitala
Athena Mjöll Káradóttir	170771-4859
Jóhann Jarl Vilbergsson	261166-4989
Rósa K. Berntsen	120459-8429
Sigurður Jóhannsson	051152-4329
Ævar Ólafsson	261274-2249
Óskar Bergsson	030964-3859

Launagreiðslur

Vísir	Starfsmaður	Tímabil	Dagsetning
2001 Janúar	Athena Mjöll Káradóttir	01/01/2001 - 31/01/2001	31/01/2001
2001 Febrúar	Jóhann Jarl Vilbergsson	01/01/2001 - 31/01/2001	31/01/2001
2001 Mars	Rósa K. Berntsen	01/01/2001 - 31/01/2001	31/01/2001
2001 Apríl	Sigurður Jóhannsson	01/01/2001 - 31/01/2001	31/01/2001
2001 Maí	Ævar Ólafsson	01/01/2001 - 31/01/2001	31/01/2001
2001 Júní	Óskar Bergsson	01/01/2001 - 31/01/2001	31/01/2001
2001 Júlí			
2001 Ágúst			
2001 Septemb.			

Launagreiðsla

Launþegi	Kennitala	Deild
Athena Mjöll Káradóttir	170771-4859	Skrifstofa
Tímabil	Grunn dagsetning	Taxi
01/01/2001 - 31/01/2001	31/01/2001	Launataxti 2
Skýpanir!	Raðnúmer	Félag
Athugasemd	8	Verslunarmannafélag

Skýring	Grunnur	Einingar	Upphæð
Mánaðarlaun	200000	1 +	200.000
Bónus	10000	1 +	10.000
Orlof 1	210000	10,17 %+-	21.357
Séreignasjóður VBÍ	231357	4 %-	9.254
Lífeyrissjóður verslunarmanna	231357	4 %-	9.254
Verslunarmannafélag Reykjavíkur	231357	1 %-	2.314
Fyrirframgr.	50000	1 FF-	50.000
Vöruúttekt	5656	1 FF-	5.656

Persónuafsláttur	Vilðbótar p-afsl.	Ónýttur p-afsl.	Staðgreiðsla skatta
26.002			56.498
Laun alls	Frádráttur	Fyrirframgreitt	Útborgun
231.357	104.333	50.000	77.024